

**Siðareglur Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins  
fyrir fyrir kjörna fulltrúa á sveitar- og héraðsstjórnarstigi**

**Formáli**

*Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins*

sem leggur áherslu á að kjörnir fulltrúar á sveitar- og héraðsstjórnarstigi gegna skyldum sínum innan ramma laga og í samræmi við það umboð sem kjósendur hafa veitt þeim og að þeir bera ábyrgð gagnvart íbúum í heild sinni, þ. á m. gagnvart kjósendum sem kusu þá ekki;

sem telur að samhliða virðingu fyrir umboði kjósenda eigi að fara virðing fyrir siðferðislegum gildum;

sem hefur miklar áhyggjur af fjölgun hneykslismála sem varða við lög og snerta pólitíska fulltrúa sem hafa brotið af sér í embætti og sem hefur tekið eftir að kjörnir fulltrúar á sveitar- og héraðsstjórnarstigi, eru ekki hafnir yfir slík afbrot;

sem er sannfært um að setning siðareglna fyrir kjörna fulltrúa á sveitar- og héraðsstjórnarstigi muni byggja upp traust milli stjórnámálanna á sveitar- og héraðsstjórnarstigi og borgaranna;

sem er sannfært um að samband byggt á trausti er óhjákvæmileg forsenda þess að kjörnir fulltrúar geti sinnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt;

sem hefur tekið eftir að löggjöf er oftast og oftast fylgt eftir með siðareglum á ýmsum sviðum, svo sem í viðskiptasamskiptum, bankasamskiptum og í stjórnsýslu;

sem telur að það sé skylda kjörinna fulltrúa á sveitar- og héraðsstjórnarstigi að grípa til hliðstæðra aðgerða á fjölbreytilegum ábyrgðarsviðum þeirra;

sem er sannfært um að skilgreining í siðareglum, á siðferðislegum skyldum kjörinna fulltrúa, á sveitar- og héraðsstjórnarstigi, muni varpi skýrari ljósi á hlutverk þeirra og skyldur og áréttu mikilvægi þeirra;

sem er sannfært um að slíkar reglur eigi að taka til allra starfa kjörinna fulltrúa, eftir því sem hægt er;

sem leggur áherslu á siðareglur feli í sér þau siðferðislegu gildi sem beri að virða;

sem bendir á að allt samfélagið verður að taka þátt í að endurskapa andrúmsloft sem byggist á trausti og leggur áherslu á hlutverk borgaranna og fjölmiðla til þess;

sem áréttar enn á ný að það er ekki hægt að innleiða skyldur án þess að kjörnum fulltrúum á sveitar- og héraðsstjórnarstigi sé gert fært að fullnægja skyldum sínum og sem minnir í þessu sambandi á viðkomandi ákvæði í Evrópsáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og drögum að Evrópusáttmála um sjálfstjórn héraða;

sem tekur tillit til gildandi löggjafar í aðildarríkjum og þeirrar vinnu sem á sér stað á alþjóðlegum vettvangi, leggur til svohljóðandi siðareglur fyrir kjörna fulltrúa á sveitar- og héraðsstjórnarstigi:

## **I. hluti – gildissvið**

### *1. gr. Skilgreining á kjörnum fulltrúa*

Í þessum reglum nær hugtakið kjörinn fulltrúi yfir stjórnámálamenn sem fara með staðbundið opinbert vald samkvæmt umboði sem þeir hafa hlotið í almennum kosningum eða í afleiddum kosningum (kosnir til starfa af sveitarstjórn).

### *2. gr. Skilgreining á störfum*

Í þessum reglum nær hugtakið störf yfir það sem felst í umboði, sem fengist hefur í almennum eða afleiddum kosningum, og allar athafnir kjörins fulltrúa á grundvelli þess umboðs.

### *3. gr. Markmið siðareglanna*

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við skyldustörf sín. Jafnframt að upplýsa íbúa um hvaða háttarni þeir eigi rétt á að búast við af kjörnum fulltrúum.

## **II. hluti – almenn ákvæði**

### *4. gr. Að fylgja lögum og gæta almannahagsmuna*

Kjörnir fulltrúar fara með embætti samkvæmt lögum og ber ávallt að fylgja lögum.

Í störfum sínum ber kjörnum fulltrúum að þjóna almannahagsmunum og ekki eingöngu beinum eða óbeinum persónulegum hagsmunum sínum eða einkahagsmunum einstaklinga, eða hópa einstaklinga, í því skyni að geta notið, á beinan eða óbeinan hátt, persónulegra hagsbóta af því.

### *5. gr. Hvernig fara skal með umboð*

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum

*6. gr. Að virða valdmörk umboðs*

Í störfum sínum ber kjörnum fulltrúum að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og opinberra starfsmanna.

Þeir mega ekki hvetja, eða aðstoða kjörinn fulltrúa, eða opinberan starfsmann, við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram, í störfum sínum.

### **III. hluti – Sérstakar skyldur**

1. Fyrir kosningu.

*7. gr. Reglur um kosningabaráttu*

Markmið kosningabaráttu frambjóðenda skal vera að veita upplýsingar og skýringar á pólitískum stefnumálum sínum.

Frambjóðendur skulu ekki reyna að tryggja sér atkvæði með öðrum hætti en rökföstum sannfæringarkrafti og umræðum.

Sérstaklega skulu þeir ekki reyna að ná atkvæðum með því að ófrægja aðra frambjóðendur, með því að beita ofbeldi og/eða hótunum, með því að eiga við kosningaskrár og/eða niðurstöður talningar atkvæðaseðla eða með því að hygla einhverjum eða gefa loforð um slíkt.

2. Í embætti

*8. gr. Bannað að hygla.*

Kjörnir fulltrúar eiga ekki að starfa, eða beita réttindum sem fylgja embætti þeirra, í þágu einkahagsmuna einstaklinga, eða hópa einstaklinga, í því skyni að geta notið, á beinan eða óbeinan hátt, persónulegra hagsbóta af því.

*9. gr. Bannað að nota vald í eigin þágu*

Kjörnir fulltrúar eiga ekki að starfa, eða beita réttindum sem fylgja embætti þeirra, til framdráttar beinum eða óbeinum einkahagsmunum sínum eða persónulegum hagsmunum.

*10. gr. Hagsmunaárekstrar*

Þegar kjörnir fulltrúar eiga, á beinan eða óbeinan hátt, persónulegra hagsmuna að gæta í málum sem eru til umfjöllunar hjá sveitar- eða héraðastjórn, eða framkvæmdaráði, ber þeim að gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki taka þátt í umræðum, eða atkvæðagreiðslu, í málum þar sem þeir eiga á beinan eða óbeinan hátt persónulegra hagsmuna að gæta.

*11. gr. Takmarkanir á heimild til að gegna tveimur eða fleiri stöðum samtímis.*

Kjörnir fulltrúar skulu fara að öllum gildandi reglum sem takmarka það að þeir gegni samtímis tveimur eða fleiri pólitískum stöðum.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki gegna öðrum pólitískum stöðum þegar það hindrar þá í að gegna störfum sínum sem kjörnir fulltrúar.

Þeir skulu ekki heldur gegna störfum, taka við kjörnu umboði, starfi eða opinberri stöðu sem felur í sér eftirlit með þeirra eigin störfum, sem kjörnir fulltrúar, eða ef þeim er sjálfum, sem kjörnum fulltrúum, ætlað að fara með eftirlit með þeim.

*12. gr. Beiting valdheimilda*

Kjörnir fulltrúar skulu ekki beita valdheimildum sínum til að veita sjálfum sér persónulegan ávinning, á beinan eða óbeinan hátt, eða veita einstaklingi eða hópi af einstaklingum ávinning í því skyni að geta notið á beinan eða óbeinan hátt persónulegra hagsbóta af því.

Ákvarðanir þeirra skulu ávallt nákvæmlega rökstuddar, tilgreina skal alla þætti sem ákvörðunin byggist á, sérstaklega með vísun til viðkomandi laga og reglna, og sýna hvernig ákvörðunin samræmist þeim.

Þar sem ekki er við lög eða reglur að styðjast, skal í rökstuðningi fyrir ákvörðun m.a. koma fram að ekki sé gengið lengra en tilefni var til, sanngirnissjónarmiða hafi verið gætt og ákvörðun samræmist almannahagsmunum.

*13. gr. Bann við spillingu*

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar forðast alla hegðun sem gæti, samkvæmt gildandi innlendum eða alþjóðlegum refsilögum, talist fela í sér að veita eða þiggja mútur.

*14. gr. Fylgja fjárhagsáætlun og grundvallarreglum um fjármálastjórn.*

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn, sem tryggja réttmæta meðferð á almannafé, eins og skilgreint er í viðkomandi landslögum.

Við skyldustörf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki gera neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé og/eða styrkjum. Þeir skulu ekki gera neitt sem gæti leitt til þess að almannafé og/eða styrkir séu notaðir í eigin þágu, beint eða óbeint.

3. Að láta af embætti.

*15. gr. Bann við að tryggja sér tiltekna stöður.*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum ekki gera neitt sem veitir þeim sjálfum starfslegan ávinning í framtíðinni, eftir að þeir hafa látið af störfum sem kjörnir fulltrúar, í:

- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum,
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa stofnað til samningssambands við í störfum sínum,
- í opinberri stofnun eða einkafyrirtæki, sem sett var á laggirnar meðan þeir gegndu embætti og samkvæmt því ákvörðunarvaldi sem þeim var falið.

#### **IV. hluti – Aðferðir til eftirlits**

1. Fyrir kosningu

*16. gr. Takmarkanir og yfirlýsingar um kostnað vegna kosningarbaráttu.*

Frambjóðendur skulu halda útgjöldum sínum til kosningarbaráttu innan hóflegra og skynsamlegra marka.

Þeim ber að fylgja af kostgæfni öllum ákvæðum í gildandi reglum sem krefjast þess að uppruni og fjárhæðir framlaga til kosningarbaráttu, og eðli og fjárhæðir útgjalda, séu gerð opinber.

Sé ekki við settar reglur að styðjast skulu þeir veita þessar upplýsingar, sé eftir þeim leitað.

2. Í embætti.

*17. gr. Yfirlýsing um hagsmunaárekstra*

Kjörnum fulltrúum ber að fylgja af kostgæfni öllu ákvæðum í gildandi reglum sem krefjast þess að beinir eða óbeinir persónulegir hagsmunir þeirra, önnur umboð sem þeim hafa verið falin, störf eða stöður, eða breytingar á eignum, séu gerðar opinberar eða fylgst með þeim.

Sé ekki við settar reglur að styðjast skulu þeir veita þessar upplýsingar, sé eftir þeim leitað.

*18. gr. Að fylgja innri og ytri eftirlitsaðgerðum.*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum ekki hindra framkvæmd eftirlitsaðgerða sem viðkomandi innra eða ytra eftirlitsvald tekur ákvörðun um, af réttmætum ástæðum, og fyrir opnum tjöldum.

Þeir skulu af kostgæfni fylgja öllum ákvörðunum þessara yfirvalda sem hægt er að framfylgja þegar í stað eða eru endanlegar.

Þegar þeir rökstyðja aðgerðir sínar, eða ákvarðanir, sem eru háðar slíku eftirliti, skulu þeir nefna með skýrum hætti að slíkt eftirlit sé til staðar og tilgreina hvaða yfirvald ber ábyrgð á framkvæmd þess.

## **V. hluti – samskipti við almenning**

*19. gr. Að birta og rökstyðja ákvarðanir.*

Kjörnir fulltrúar skulu bera ábyrgð gagnvart íbúum í heild sinni, allt það tímabil sem þeir fara með umboð.

Kjörnir fulltrúar skulu rökstyðja allar ákvarðanir sínar nákvæmlega. Þeir skulu tilgreina alla þætti sem ákvörðunin byggist á, sérstaklega með vísun til viðkomandi laga og reglna, og sýna hvernig ákvörðunin samræmist þeim.

Þegar slíkar upplýsingar eru trúnaðarmál, skal skýrt frá ástæðum þess.

Kjörnir fulltrúa skulu svara af kostgæfni öllum fyrirspurnum almennings um framkvæmd starfa þeirra, rökstuðning fyrir aðgerðum þeirra, eða starfsemi þeirra þjónustu og sviða sem þeir bera ábyrgð á.

Þeir eiga að hvetja til og stuðla að aðgerðum sem leiða til þess að valdsvið þeirra, framkvæmd valdsins og starfsemi þeirra þjónustu og sviða, sem þeir bera ábyrgð, á, fari fram fyrir opnum tjöldum.

## **VI. hluti – samskipti við starfsmenn sveitarfélags**

*20. gr. Stöðuveitingar*

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að starfsmönnum sé veitt staða af öðrum ástæðum en viðurkenningu á hæfileikum og faglegru hæfni og/eða af öðrum ástæðum en þörfum stofnunarinnar.

Við stöðuveitingar, eða stöðuhækkanir, skulu kjörnir fulltrúar taka hlutlæga og rökstudda ákvörðun og sýna fulla kostgæfni.

*21. gr. Að virða hlutverk starfsmanna sveitarfélaga.*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna sveitarfélaga, sem heyra undir þá, án þess að ganga gegn lögmætum heimildum sínum sem yfirboðara.

Þeir eiga ekki að biðja, eða krefjast, þess að starfsmenn aðhafist eða láti það vera að aðhafast, til þess að það geti orðið þeim sjálfum á beinan eða óbeinan hátt til persónulegs ávinnings, eða einstaklingi eða hópum af einstaklingum til

ávinnings, í því skyni að geta notið á beinan eða óbeinan hátt persónulegra hagsbóta af því.

#### *22. Að efla hlutverk starfsmanna sveitarfélaga*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum tryggja að hlutverk og verkefni starfsmanna sveitarfélaga, sem heyra undir þá, séu eflað til fullnustu.

Þeir eiga að hvetja til, og stuðla að aðgerðum sem leiða til, endurbóta á starfsemi þeirrar þjónustu eða sviða sem þeir bera ábyrgð á, og sem leiða til þess að viðkomandi starfsmenn fái nauðsynlega hvatningu.

### **VII. hluti – samskipti við fjölmiðla**

#### *23. gr.*

Kjörnir fulltrúar skulu bregðast við öllum beiðnum fjölmiðla um upplýsingar varðandi framkvæmd starfa þeirra, af kostgæfni, heiðarleika og til fullnustu, en þeir eiga ekki að veita neinar trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar sem varða einkalíf kjörinna fulltrúa eða þriðja aðila.

Þeir skulu hvetja til, og stuðla að aðgerðum sem leiða til, þess að fjölmiðlar fjalli um valdsvið þeirra, framkvæmd starfa þeirra og starfsemi þeirrar þjónustu og sviða sem þeir bera ábyrgð á.

### **VIII. hluti – Upplýsingar, miðlun og aukin vitneskja**

#### *24. gr. Miðlun siðareglanna til kjörinna fulltrúa*

Kjörnum fulltrúum ber að lesa og skilja öll ákvæði þessara siðareglna og þeirra reglna sem vísað er til í þeim, og þeir skulu lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að njóta leiðsagnar ákvæða siðareglanna.

#### *25. gr. Miðlun siðareglanna til almennings, starfsfólks sveitarfélaga og fjölmiðla*

Kjörnir fulltrúar skulu hvetja til og stuðla að aðgerðum sem leiða til þess að siðareglunum sé miðlað til starfsfólks, sem heyrir undir þá, til almennings og til fjölmiðla og til þess að þessir aðilar geri sér betur grein fyrir meginreglum þeirra.